

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 15. mars 2019
UST201903-093/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 – Vatnsleysa

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að aðalskipulagsbreytingu í landi Vatnsleysu á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar 2015 – 2027.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að 2 ha land í Vatnsleysu lands B í Bláskógabyggð, sem skilgreint er sem frístundalóð í gildandi aðalskipulagi, verði breytt í landbúnaðarland. Lóðin er innan frístundasvæðis F67.

Gróðurfar - Skógur

Í greinargerð kemur fram að svæðið er algróið þar sem að á hluta þess hefur verið ræktað, en kjarr og mólendi er á öðrum hluta þess.

Umhverfisstofnun bendir á að innan afmarkaðs svæðis skv. mynd 1 er náttúrulegur birkiskógur sem stofnunin telur að falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að fjallað sé um þau vistkerfi sem falla undir 61. gr. laganna og að þeim verði ekki raskað í tillögunni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn

ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.


Gróðurfar – Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist, gulstararflóavist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem eru með mjög hátt verndargildi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur